

## Makedónía á lista yfir örugg ríki

Skilyrði þess að land geti talist öruggt ríki er að til staðar sé réttarríki sem uppfyllir ákveðin grunnskilyrði, þ.e. að almennt séu ofsknir ekki liðnar í landinu eða að ekki sé til staðar veruleg hætta á að fólk verði fyrir alvarlegum skaða. Skoða ber lög, reglur og lagalega starfshætti landsins og að þar sé virðing borin fyrir grundvallarmannréttингum auk þess að til séu til staðar úrræði ef brotið er gegn þeim réttindum. Samkvæmt lögum um útlendinga nr. 96/2002 er heimilt að taka umsóknir borgara ríkja sem eru á lista yfir örugg ríki til flýtimeðferðar, sbr. 50. gr. d laganna, en sérstakt mat á því hvort umsókn eigi undir slíka málsmeðferð sem og málsatvikum í hverju máli fyrir sig fer ávallt fram.

Á árunum 2005-2013 sóttu 8 einstaklingar frá Makedóniu um vernd á Íslandi. Frá árinu 2014 hafa 57 einstaklingar frá Makedóniu sótt um vernd á Íslandi. Af innkomnum umsóknum fyrstu 70 daga ársins 2016 hafa 19 sótt um frá Makedóniu og því ljóst að umtalsverð aukning hefur orðið í umsóknum makedónskra ríkisborgara um alþjóðlega vernd hér á landi. Flestar umsóknir eru byggðar á deilum á milli borgara landsins, mismununar á grundvelli albansk uppruna eða bágs efnahagsástands. Í yfirgnæfandi fjölda tilfella á síðustu þremur árum hafa umsóknir makedónskra ríkisborgara verið metnar tilhæfulausar eða fyrir hendi hefur verið fullnægjandi aðstoð eða úrræði í Makedóniu. Engum umsækjanda frá Makedóniu hefur verið veitt vernd á Íslandi og kærðu rúmlega 96% umsækjanda neikvæðar niðurstöður mála sinna hjá Útlendingastofnun til innanríkisráðuneytisins/kærunefndar útlendingamála. Allar kærðar ákvarðanir Útlendingastofnunar í ofangreindum málum sem innanríkisráðuneytið/kærunefnd útlendingamála hefur tekið til afgreiðslu er varða umsókn viðkomandi um alþjóðlega vernd hafa verið staðfestar.

Ríkið Makedónía er sett á lista stofnunarinnar yfir örugg ríki á grundvelli eftirfarandi:

1. Landaupplýsingar um stjórnarfar og stöðu mannréttinda í Makedóniu kveða á um að Makedónía sé lýðræðisríki og að þar séu ekki stundaðar kerfisbundnar ofsknir gegn fólk. Grundvallarmannréttindi eru almennt virt í Makedóniu.
  - a. Líf og frelsi borgara landsins er almennt ekki talið í hættu vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum þjóðfélagsþópum eða vegna stjórnmalaskoðana auk þess sem stjórnarskrá Makedóniu sem og önnur landslög banna hvers konar mismunun borgara á grundvelli fyrrgreindra ástæðna.
  - b. Bann við pyndingum og grimmilegri, ómannúðlegrí eða vanvirðandi meðferð sem mælt er fyrir um í þjóðarétti er virtur.

- c. Makedónia er aðili að Genfarsáttmálanum frá árinu 1993 en með aðild að þeim sáttmála hefur ríkið skuldbundið sig til þess að senda ekki fólk þangað sem það kann að vera í hættu.<sup>1</sup>
2. Í Makedóniu er fullnægjandi lögregluvernd til staðar og hafa yfirvöld skilvirka stjórn yfir lögreglunni og öryggissveitum landsins. Sjálfstæði dómstóla er almennt virt og gæta þeir, auk saksóknara og lögreglu, réttinda makedónskra borgara með ágætum, sem felur í sér rannsókn, ákæru og refsingu fyrir glæpi sem framdir eru í landinu. Eftirfylgni við hverslags brot gegn refsilöggjöf er til staðar. Frumskilyrði er að umsækjandi um alþjóðlega vernd hafi aðgang að slíku verndarkerfi í heimalandi sínu og er það raunin í Makedóniu, en allir íbúar hafa aðgang að kerfinu.<sup>2</sup>
3. Makedónia er aðili að fjölmögum alþjóðasamningum um verndun mannréttinda, t.d. mannréttindasáttmála Evrópu<sup>3</sup>, alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi<sup>4</sup> og samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu<sup>5</sup>.
4. Makedónia sótti um aðild að Evrópusambandinu 22. mars 2004 og fékk veitta stöðu umsóknarðila 17. desember 2005 en til þess að sú staða sé veitt þarf ríki að uppfylla ríkar kröfur til mannréttinda. Þá hafa ríkisborgarar Makedóniu notið ferðafrelsí innan Evrópu frá 1. janúar 2008.<sup>6</sup>

Mörg önnur Evrópuríki hafa sett Makedóniu á lista yfir örugg ríki, t.d. Austurríki, Belgía, Búlgaríja, Tékkland, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Lúxemborg og Bretland. Noregur er ekki með lista yfir örugg ríki en þar er notast við lista yfir ríki þar sem flýtimeðferð er beitt (48 tímar) og er Makedónía á þeim lista.<sup>7</sup>

---

<sup>1</sup> U.S. Department of State. Bureau of Democracy, Human Rights and Labor. *Country Reports on Human Rights Practices for 2014. Macedonia.* Aðgengilegt á <http://www.state.gov/documents/organization/236762.pdf>. Sjá einnig stjórnarskrá Makedóniu [http://www.wipo.int/wipolex/en/text.jsp?file\\_id=239363](http://www.wipo.int/wipolex/en/text.jsp?file_id=239363).

<sup>2</sup> U.N. Human Rights Council. Working Group on the Universal Periodic Review. *National report submitted in accordance with paragraph 5 of the annex to Human Rights Council resolution 16/21. The former Yugoslav Republic of Macedonia.* Aðgengilegt á <https://documents-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/G13/185/36/PDF/G1318536.pdf?OpenElement>

U.S. Department of State. Bureau of Democracy, Human Rights and Labor. *Country Reports on Human Rights Practices for 2014. Macedonia.* Aðgengilegt á <http://www.state.gov/documents/organization/236762.pdf>

<sup>3</sup> European Court of Human Rights. *The former Yugoslav Republic of Macedonia.* Aðgengilegt á [http://www.echr.coe.int/Documents/CP\\_The%20former%20Yugoslav%20Republic%20of%20Macedonia\\_ENG.pdf](http://www.echr.coe.int/Documents/CP_The%20former%20Yugoslav%20Republic%20of%20Macedonia_ENG.pdf)

<sup>4</sup> United Nations. *Treaty Collection.* Aðgengilegt á

[https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsg\\_no=IV-4&chapter=4&lang=en](https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsg_no=IV-4&chapter=4&lang=en)

<sup>5</sup> United Nations. *Treaty Collection.* Aðgengilegt á

[https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg\\_no=IV-9&chapter=4&lang=en](https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=IV-9&chapter=4&lang=en)


<sup>6</sup> EUR-Lex. *Accession Partnership with the former Yugoslav Republic of Macedonia.* Aðgengilegt á <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=URISERV:r18013&from=EN>

European Commission. Migration and Home Affairs. *Agreement between the European Community and the Former Yugoslav Republic of Macedonia on the facilitation of the issuance of visas.* Aðgengilegt á [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:22007A1219\(08\)&from=EN](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:22007A1219(08)&from=EN)

<sup>7</sup> European Commission. *An EU „Safe Countries of Origin“ list.* Aðgengilegt á

Áréttar er að þrátt fyrir að tiltekið ríki sé á lista yfir örugg ríki fer ávallt fram einstaklingsbundið mat á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Hvert mál er skoðað sérstaklega á eigin forsendum með tilliti til fyrirliggjandi gagna og landaupplýsinga á hverjum tíma og það eitt að umsækjandi um vernd sé frá ríki á listanum getur aldrei leitt til þess að Útlendingastofnun taki mál hans ekki til skoðunar eða synji umsókn hans án undangenginnar rannsóknar. Þegar það á við eru mál ríkisborgara landa á listanum tekin til almennrar efnismeðferðar og er listinn því aðeins til hliðsjónar.

Útlendingastofnun, 29. mars 2016

  
Kristín Völundardóttir, forstjóri